

# Úrskurðir Kjararáðs og launaþróun

2. fundur í samtali stjórnvalda og aðila  
vinnumarkaðarins -

Miðvikudagur 10. janúar 2018

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid



# Kjararáð segir: Kjararáðshópar hafa dregist aftur úr öðrum frá 2006

## Er það rétt?

- Á vef kjararáðs er línurit sem sýnir samanvegna launaþróun þeirra sem undir ráðið heyra frá júlí 2006
- Samanburður er gerður við launavísitölu Hagstofunnar


**Niðurstaðan:** Kjararáðshópurinn í heild hefur dregist aftur úr á þessum tíma um **18%**.

### Þingmaður í fjölmiðli

„Síðan gerist það eftir hrun að þessir hópar eru beinlínis **lækkaðir um 10 og 15%**, síðan **frystir árum saman** og svo þegar þeir eru hækkaðir einhverjum **7 árum síðar** og ekki fengið neina hækkun heldur bara lækkun þá náttúrulega fer kjararáð eftir lögunum og segir þetta á að fylgja launaþróun, þá verður hækkunin svona há og svo ætla menn bara að fara að miða við eitthvað **2013**. Þetta er alveg undarleg framganga forsvarsmanna launþegahreyfingarinnar.“

„... þú sást töfluna frá því í gær frá kjararáði – línuritið - hvernig launaþróun hefur verið fylgt. Við þurfum ekkert að ræða þetta lengur. “

### Þróun mánaðarlegrar launavísitölu Hagstofunnar og launavísitölu kjararáðs Júní 2006 – október 2017



Heimild: Kjararáð, [www.kjararad.is](http://www.kjararad.is)

# Lög um launavísitölu 89/1989

- Samkvæmt lögum 89/1989 ber Hagstofu Íslands að reikna og birta mánaðarlega launavísitölu.

## Í 2. gr. laganna segir:

„Launavísitala skv. lögum þessum skal sýna svo sem unnt er breytingar heildarlauna allra launþega fyrir fastan vinnutíma.“

**Ekkert er sagt um hvernig reikna skuli breytingar.**

## Í 4. gr. laganna segir:

„Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.“

**Þessi reglugerð hefur aldrei verið sett.**

## Athugasemdir við lagafrumvarpið sem varð að lögum 89/1989

- Meginuppsprettur upplýsinga um launabreytingar eru nú aðallega tvær, þ.e. Kjararannsóknarnefnd ASÍ, VSÍ og VMS og Launaskrifstofa ríkisins.
- Gæði þessara athugana eru minni en æskilegt er. **Úrtakið er óstöðugt** frá einum ársfjórðungi til annars bæði vegna stopullar þátttöku fyrirtækja. **Þá nær úrtakið ekki til allra atvinnugreina** og í ýmsum greinum kemur einungis lítill hluti starfsmanna í úrtakið.

# Athugasemdir minnihluta nefndar við lagafrumvarpið sem varð að lögum 89/1989

## Spíraláhrif

- Í umsögn minnihluta sagði m.a. „... Einnig gæti birting opinberrar, lögformlegrar launavísitölu haft ýmis hliðaráhrif, t.d. svokölluð **spíraláhrif**, sem og að vísitalan gæti kynt undir óraunhæfum væntingum og kröfugerð utan kjarasamninga.“
- Áhyggjur minni hlutans af spíraláhrifum endurspeglar augljóslega áhyggjur forsvarsmanna vinnuveitenda sem fram kemur í málinu að hafi komið á fund fjárhags- og viðskiptanefndar.

**Ekki liggja fyrir neinar umsagnir um lagafrumvarpið né fundargerðir frá nefndarfundum.**

# Kjararannsóknarnefnd aðila almenna vinnumarkaðarins

- Kjararannsóknarnefnd hafði frá upphafi starfsemi sinnar árið 1963 og fram á síðari hluta níunda áratugar síðustu aldar birt niðurstöður sínar um launabreytingar á grundvelli breytinga á meðallaunum og reiknað út vísitölur út frá þeim.
- Þá var gerð sú breyting að reikna breytingarnar út frá „pörunum“, þ.e. launabreytingum sömu einstaklinga (í sama starfi í sama fyrirtæki). Þessi aðferðarbreyting var fyrst og fremst viðbrögð við þeim vanda að mjög erfitt reyndist að halda úrtaki fyrirtækja stöðugu, þar sem fyrirtæki duttu sífellt út úr könnuninni af ýmsum ástæðum, þó fyrst og fremst vegna skipta á launakerfum.

## Menn gerðu sér grein fyrir bjöguninni í upphafi

Þegar í upphafi þessarar breytingar á aðferðafræði gerðu starfsmenn og stjórnendur Kjararannsóknarnefndar sér grein fyrir því að í pörunaraðferðinni fælist bjögun niðurstaðna upp á við, þ.e. aðferðin gæfi ávallt hærri niðurstöðu um hlutfallsbreytingar en breyting meðallauna gerði.

# Upplýsingar Hagstofunnar um aðferðafræði við mat á launabreytingum

Í **Hagtíðindum Hagstofunnar**, Laun, tekjur og vinnumarkaður, segir m.a. svo um útreikningsaðferðir.

„Reiknaðar eru paraðar breytingar reglulegra launa á milli tveggja samliggjandi mánaða. Áhrifum breytinga sem skýrast af breyttri samsetningu úrtaks er þannig haldið í lágmarki.“

Í framangreindri tilvitnun í Hagtíðindi koma ekki fram áhyggjur af bjögun niðurstaðna upp á við heldur gefið til kynna að aðferðin geti bæði ofmetið og vanmetið breytingar og það fari eftir ýmsu.

Fyrir utan hina lögboðnu launavísitölu birtir Hagstofan fjölda vísitalna, **a.m.k. 18**, um launaþróun launþegahópa og atvinnugreina sem byggir á pörunaraðferðinni.

1

Helstu launþegahópar á almennum og opinberum markaði, **fjórir talsins**, eru birtir mánaðarlega og ársfjórðungslega.

2

Starfsstéttir á almennum vinnumarkaði, **sjö alls**, mánaðarlega.

3

Atvinnugreinar á almennum vinnumarkaði, **sjö alls**, mánaðarlega.

# Öll ríki heims birta upplýsingar um launabreytingar



Öll ríki heims birta upplýsingar um launabreytingar enda eru þær meðal mikilvægustu hagtalna um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum og ein af lykilstærðunum fyrir þróun verðbólgu.



ESB hefur sett reglugerð um að aðildarríkin (og EES/EFTA-ríkin) skuli reikna ársfjórðungslega launakostnaðarvísitölu, **Labour Cost Index**, og í henni er útlistað hvernig hana skuli reikna. Í stuttu máli þá byggir hún á **breytingum meðallauna** að viðbættum launatengdum gjöldum.



Í Svíþjóð er reiknuð launavísitala til heimabruks (**arbetskostnadindex** og **löneindex**), auk þess að reikna ESB launakostnaðarvísitöluna. Á vef sænsku hagstofunnar er útlistað hvernig vísitalan er reiknuð. Í stuttu máli þá byggir hún á **breytingum meðallauna**.



# Mat sérfræðings sænsku samtaka atvinnulífsins á pörunaraðferðinni

## Pörunaraðferðin

- Ekki er kunnugt um neitt ríki sem byggir útreikning launabreytinga á pörun einstaklinga.
- Aðferðin er þó ekki alveg óþekkt því samkvæmt svari frá Pär Lundquist, vinnumarkaðssérfræðingi hjá sænsku samtökum atvinnulífsins, við fyrirspurn um útreikningsaðferðir þá eru launabreytingar sem byggðar eru á pörunum hvergi birtar opinberlega. Slíkar upplýsingar séu eingöngu notaðar innanhúss hjá samningsaðilum.
- Launavísitalan í Svíþjóð eigi að mæla hvernig launakostnaður fyrirtækjanna þróist. Það sé gert með því að reikna hlutfallið milli meðallaunanna í síðasta mánuði og meðallaununum fyrir 12 mánuðum.
- Þannig að samanburðurinn byggir ekki á samanburði milli sömu fyrirtækja og sömu einstaklinga (sú aðferð sé eingöngu notuð til að meta áhrif kjarasamninga).

**Það er oft mikill munur á þessum tveimur aðferðum:**  
Launabreytingar hjá sömu fyrirtækjum og sömu einstaklingum séu yfirleitt **1-1,5% hærri** en „kostnaðarþróunin“ sem fyrirtækin standa frammi fyrir.

# Einfalt dæmi um bjögun af völdum pörunar við mat á launabreytingum

Fyrirtæki með 3 starfsmenn sem fá laun samkvæmt kjarasamningi:

Launatafla kjarasamnings	
	Laun
Byrjunarlaun	100
Laun eftir 6 mánuði	105
Laun eftir 1 ár	110

- Í mánuði 1 fær starfsmaður 1 byrjunarlaun, starfsmaður 2 fær laun eftir 6 mánuði og starfsmaður 3 fær laun eftir 1 ár.
- Í mánuði 7 hafa starfsmenn 1 og 2 færst upp um eitt þrep og starfsmaður 3 hætt störfum og starfsmaður 4 verið ráðinn í hans stað á byrjunarlaunum

**Niðurstaða: Pörunaraðferðin segir laun hafa hækkað um 4,9% milli mánaðar 1 og mánaðar 7 en meðallaunaaðferð um 0%**

Laun fjögurra einstaklinga í mánuði 1 og mánuði 7			
	Laun mán. 1	Laun mán. 7	Hækkun %
Einstaklingur 1	100	105	5,0%
Einstaklingur 2	105	110	4,8%
Einstaklingur 3	110		
Einstaklingur 4		100	
Meðallaun	105	105	0%
Pöruð hækkun			4,9%


# Í þörunaraðferðinni eru mikil einstaklingsáhrif

- Laun einstaklinga hækka hratt á aldursbilinu 25-40 ár
- Samkvæmt skattframtölum 2016 voru atvinnutekjur 40 ára einstaklinga 60% hærri en 25 ára einstaklinga
- Þörunaraðferð launavísitölunnar fangar þennan þátt og knýr vísitöluna áfram þótt engar launabreytingar eigi sér stað



# Launavísitala Hagstofunnar mælir kerfisbundið meiri hækkunir en á meðallaunum


Samanburður á þróun meðallauna þeirra starfsstétta á almennum markaði sem Hagstofan birtir og launavísitölu sömu stétta frá árinu 2005 sýnir að launavísitalan í heild hefur hækkað 12% umfram meðallaunin, og munurinn er enn meiri þegar litið er á einstakar starfsstéttir.



Heimild: Hagstofan


# Heildarlaun: Allir dragast aftur úr launavísitölunni, minnst þó þjóðkjörnir fulltrúar

- Samkvæmt Hagstofunni hækkaði (þöruð) launavísitala ríkisstarfsmanna um 108% milli 2006 og 2017.
- Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins um meðaltal heildarlaun ríkisstarfsmanna hækkaði enginn hópur svo mikið á tímabilinu.
- Sá hópur sem komst næst því að hanga í hækkun launavísitölunnar á þessu tímabili voru þjóðkjörnir fulltrúar.



# Dagvinnulaun: Allir dragast aftur úr launavísitölunni nema kjararáðshópar og KÍ

- Samkvæmt Hagstofunni hækkaði (pöruð) launavísitala ríkisstarfsmanna um 108% milli 2006 og 2017.
- Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins um meðaltal dagvinnulauna ríkisstarfsmanna hækkuðu kjararáðshópar umfram vísitöluna



## Niðurstaða

- Rök kjararáðs fyrir hækkunum með tilvísan til launavísitölu Hagstofunnar standast enga skoðun.
- Ástæða: Launavísitalan, eins og hún er reiknuð, ofmetur launabreytingar um 1-1,5% á ári að jafnaði.
- Breyta þarf lögum 89/1989 um launavísitölu, setja reglugerð, og reikna launabreytingar eins og aðrar þjóðir gera

FRUMKVÆÐI  
ÁBYRGÐ  
ÁRANGUR

